

Fundaskýrslur amtsráðanna.

A.

Fundur amtsráðs norður- og austurumdæmisins á Akureyri 11.—17. júní 1875.

22

Á fundinum var amtmaðurinn í norður- og austurumdæminu, Chr. Christjánsson, forseti amtsráðsins, og sem kosnir fulltrúar alþingismennirnir Einar Ásmundsson á Nesi og Jón Sigurðsson á Gautlöndum.

Amtsráðið tók fyrst til umræðu brjef landshöfðingja dagsett 20. nóv. 1874, er fer fram á það, að búnaðarsjóður þessa amts verði sameinaður við búnaðarsjóði hinna amtanna, og rjedi amtsráðið frá þessari sameiningu að svo stöddu.

Þá voru teknar til athugunar og umræðu reglugjörðir fyrir allar sýslur amtsins um skipting veganna í þjóðvegi og aukavegi. Höfðu komið frá flestum sýslunefndum breytingartillögur um þetta efni, og voru þær flestar samþykktar. Þar á meðal var samþykkt að leggja þjóðveg frá Reykjum á Reykjabraut í Húnavatnssýslu yfir Ásana að Holtastaðaferju, frá Akureyri að Saurbæ í Eyjafirði, og um Oddsskarð og Klifbrekku í Suður-Múlasýslu.

Sýslunefndin í Þingeyjarsýslu hafði farið þess á leit, að hún fengi samþykki til að verja öllu vegabóttagjaldi sýslunnar, svo lengi sem með þarf, til brúargjörðar á Skjálfandafljóti, og enn fremur, að amtsráðið vildi leggja til tjeðrar brúargjörðar þann þriðjung af þessa árs þjóðvegagjaldi annara sýslna amtsins, sem amtsráðið hefir rjett til að ráða yfir. Áleit amtsráðið, að áður en umtalsmál gæti orðið að samþykkja þessa beiðni sýslunefndar Þingeyinga, yrði að gjöra lögmatæta skoðun á brúarstöðinu og glöggva áætlun um kostnaðinn til brúargjörðarinnar. Enn fremur áleit amtsráðið nauðsynlegt að safna fje til þessa fyrirtækis með frjálsum samskotum í sýslunni og jafnvel víðar í amtinu, þar sem það mundi að nokkru leyti verða komið undir því, hve mikinn áhuga almenningur sýndi á máli þessu, hvern þátt amtsráðið sæi sjer fært að taka í framkvæmd málsins.

Þá voru yfirfarin endurrit af gjörðabókum sýslunefndanna. Í sambandi við þetta mál framlagði forseti kærú frá tveimur sýslunefndarmönnum í Húnavatnssýslu, er bera sig upp um það, að sýslunefndin hafi á fundi 18. febrúar þ. á. ákveðið 260 krónur af sýslusjóðnum, til 1000-ára-þjóðháttíðarhaldsins 1874. Auk þess hafði sama sýslunefnd veitt af sýslusjóði ferðakostnað tveggja sendimanna úr Húnavatnssýslu til þjóðhátíðarinnar á Þingvöllum sama ár. Áleit amtsráðið það mjög høpið, að slík gjöld sem þessi, og sem eru privat eðlis, geti að lögum orðið lögð á sýslusjóðina, eins og það líka er ísjárvert að leggja á þá meiri gjöld en minnzt verður komist af með. Og þar sem nú engin önnur sýslunefnd í amtinu hafði tekið það ráð, að leggja þjóðhátíðarkostnað á sýslusjóð sinn, þá mælti amtsráðið svo fyrir, að báðum hinum umræddu gjaldagreinum yrði ljett af sýslusjóði Húnavatnssýslu, og kostnaðinum náð á einhvern annan hagfelldan hátt.

Því næst var tekið fyrir málið um hinn sunnlenzka fjárkláða, og framlagði forseti brjef dags. 1. maí þ. á. frá sýslumönnum í Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu, einnig endurrit af fundargjörðum að Þingnesi í Borgarfirði 17. apríl þ. á, og brjef dags. 26. febr. þ. á. frá sýslufundi Eyfirðinga. Höfðu skjöl þessi inni að halda greinilegar skýrslur um ásigkomulag fjárkláðans í Borgarfirði, og um það sem gjört hefir verið til að varna útbreiðslu hans norður og vestur. Eptir ítarlegar umræður samþykkti amtsráðið, að greiddur verði úr jafnaðarsjóði norður og austuramtsins sá hluti af kostnaðinum til hins svo nefnda Hvítarvarðar í sumar, er þessu amti getur frekast borið að greiða að lögum, eptir rjettri tiltölu til móts við vesturamtið.

22 Beiðni frá ábúanda Reykjahlíðar, Pjetri bónda Jónssyni, um hækkun á fylgdarkaupi yfir Mývatnsfjöll að ferjustaðnum á Jökulsá, var vísað til sýslunefndarinnar í Þingeyjarsýslu.

Þá framlagði forseti greinilegar skýrslur frá báðum sýslumönnum í Múlasýslunum um hið voðalega tilfelli, er að þar annan dag páska á þessu vori, þegar öskulag fjöll yfir mikinn hluta austurlands. Amtsráðið tók þetta mikla vandræðamál til ítarlegrar ihugunar, og eftir að hafa skoðað það frá sem flestum hliðum, komst ráðið til þeirrar niðurstöðu, að jafnvel þó vænta megi, að alþýða manna í öllum þeim hjeruðum landsins, sem forsjónin hefir hlíft við þessari eyðileggingu, muni af fúsum og frjálsum vilja rjetta sínum nauðlíðandi bræðrum hjálparhönd, eftir því sem efni og kringumstæður leyfa, þá óttaðist samt amtsráðið, að neyðin á austurlandi mundi verða svo mikil, að hið opinbera hlyti að skerast í málið og láta Múlasýslubúum í tje þann styrk, sem það megnar. En þar sem amtsráðinu var það fyllilega ljóst, að enginn sjóður er til í norður og austuramtinu, er sje fer um að veita svo mikinn styrk, er að haldi geti komið, þá áleit það óhjasneiðanlegt að snúa sjer til alþingis, og fara þess á leit, að þingið veiti að minnsta kosti 30.000 krónur af landssjóði á næsta fjárhagstímabili, til þess að afstýra neyð þeirri, er vofir yfir Múlasýslubúum, og að fje þetta verði til taks í tókan tíma, og því reglulega útbytt til þeirra, sem mest þarfnast hjálpar. Tókst forseti á hendur að búa mál þetta til alþingis.

Sýslunefnd Þingeyinga hafði ráðið að útvega vatnsveitingamann á þessu sumri til að standa fyrir vatnsveitingum þar í sýslu; hafði hún sótt um að fá af búnaðarsjóði amtsins styrk til ferðakostnaðar handa manni þessum, og gaf amtsráðið von um styrk þenna, þegar maðurinn væri fenginn.

Að síðustu var tekið til umræðu ásigkomulag amtsbókasafnsins á Akureyri. Var ályktað að útvega því betri húsakynni, en það hefir haft, og leita styrks hjá alþingi handa safninu, svo betra lag gæti komizt á það. Á síðustu árum hefir safnið mjög fáar bækur getað eignazt fyrir fátæktar sakir, nema hvað það nýlega hefir fengið álitlegar bókasendingar frá Vesturálfu.

Fleiri mál urðu eigi rædd á þessum fundi amtsráðsins.

B.

23 *Fundur amtsráðs norður- og austurumdæmisins á Akureyri 27.—29 júní 1876.*

Á fundinum var forseti ráðsins, amtmaður Chr. Christjánsson, amtsráðsmaður Einar Ásmundsson og vara-amtsráðsmaður Stefán umboðsmaður Jónsson á Steinsstöðum, er mætti í fjærveru amtsráðsmanns Jóns Sigurðssonar.

Forseti gat þess, að hann hefði áformað að kalla amtsráðið saman á næstliðnum vetri, einkanlega til að gjöra áætlun um gjöld og tekjur jafnaðarsjóðsins, en þetta hafði þó af ýmsum orsökum ekki getað komizt á; hafði því forseti í þetta sinn, fyrir hönd amtsráðsins, gjört áætlunina og jafnað niður til sjóðsins 20 aurum á hvert lausafjórðundr- að í amtinu. Samþykkti nú amtsráðið þessa ráðstöfun.

Þá voru yfirskoðaðir þeir reikningar, sem komnir voru til amtsráðsins yfir tekjur og gjöld sýslusjóðanna í umdæminu, en það voru reikningarnir úr Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu og Suðurmúlasýslu. Voru gjörðar ýmsar athugasemdir við suma af reikningum þessum, einkum með tilliti til þess, að sumar sýslunefndir höfðu fært sýslusjóðnum til útgjalda ýmislegt, sem amtsráðið áleit vanta lagaheimild til, og sumar á hinn bóginn undan fellt að jafna gjaldinu til sjóðanna á öll fasteignar- og